TÆKNIUPPLÝSINGAR FYRIR DORUS MD 072

DORUS LÍM

DORUS MD 072

Alhliða PVAC hvítt trélím - rakahelt D3 (D4 m/herði).

Eiginleikar:

- **Hraðvirkt lím sem fyllir vel og veitir góða en teygjanlega bindingu.**
- **Mikil rakaheldni - Skv. staðli EN 204 stenst límið D3 án herðis en D4 með 5% herði Dorus R. 397.**
- **Gefur góða bindingu við allar venjulegar viðartegundir.**
- **Hagstætt í notkun.**

Notkunarsvið:

- **Almennar samsetningar.**
- **Gluggalímingar.**
- **Kantlímingar með þvingu.**
- **Fingrasamsetningar, tappasamsetningar og dílalímingar.**

Notkunarleiðbeiningar:	Vinnsluhitastig á líminu og umhvefinu skal í öllum tilfellum vera meira en 12°c. Til að ná D4 rakaheldni þarf að blanda límið með 5% herðir R. 397 og passa að herðirinn að blandist vel. Þetta er best að gera með því að hella herðinum rólega út í á meðan hrært er stöðugt í líminu. Liftími eftir blöndun er 7 klst. Þynna má límið með mest 3% af vatni.
Hitastig við límingu:	Frá 10°C til 70°C
Rakastig:	Rakastig viðarins ætti að vera 5-14%, helst á bilinu 7-10%.
Magn líms:	Magn líms á fletinum fer eftir hvað á að líma og þarf að skoðast í hverju tilfelli fyrir sig. Með því að bera á annan flötinn er eðlilegt magn 60-200 gr/m2. Ef límdar eru harðar og olíukenndar viðartegundir skal efnið vera nýheflað og límið borið á báða fleti.
Biðtími líms:	Opinn biðtími er að hámarki 20 mín við 20° C og 200 gr/m2
Spennutími:	Harðplast á spónarplötu (yfirborðslíming): 10 mín við 20° C. og 150gr/m2 Harðplast á spónarplötu (yfirborðslíming): 20 mín við 20° C. og 200gr/m2 Beyki á beyki (töppunarsamsetning) 25 mín við 20° C. og 150gr/m2 Beyki á beyki (töppunarsamsetning) 35 mín við 20° C. og 200gr/m2 Líming á öðrum viðartegundum; mismunandi hitastig, aðstæður og spenna gera að verkum að ákvarða þarf spennutímann sértaklega í hverju tilfelli fyrir sig.
Spennuþrýstingur:	0,1 - 1,0 MPa. nákvæmlega heflað efni með nægri snertingu skilar bestum árangri. (0,1 Mpa = 1 kg/cm2).
Öryggi og heilsa:	Vinsamlegast athugið öryggisupplýsingablað.
Þrif:	Áhöld eru þrifin með köldu eða volgu vatni áður en límið þornar.

Þær upplýsingar sem hér koma fram eru samkvæmt prófunum og reynslu Dorus. Þær gefa þó aðeins vísbendingu um notkun við ólíkar aðstæður og mælum við því með að viðskiptavinur geri sínar eigin prófanir.